

## Kaplakriki

**111. fundur** vinnuhóps/byggingarnefndar um uppbyggingu FH svæðis í Kaplakrika var haldinn þriðjudaginn 16. Janúar 2014, kl. 08.07 á skrifstofu Fasteignafélags Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2 Hafnarfirði.

---

Mættir voru:

Gunnar Svavarsson	GS	Formaður
Árni Stefán Jónsson	ÁSt.	Stjórn Framkvæmdaráðs
<del>Sigurður Þorvarðarson</del>	<del>SB</del>	<del>Stjórn Framkvæmdaráðs</del>
Benedikt Olgeirsson	BO	FH
Viðar Halldórsson	VH	FH
Ingvar S. Jónsson	IJ	Íþróttafulltrúi
Erlendur Árni Hjálmarsson	EÁH	Fasteignafélaginu
Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri
<del>Birgir Jóhannsson</del>	<del>BJ</del>	<del>FH</del>

---

Sigurður Þorvarðarson og Birgir Jóhannsson boðuð forföll.

**1: Fundargerð fundar nr. 110 var send nefndarmönnum. Samþykkt.**

**2: Frjálsíþróttagólf.**

GS gerði grein fyrir viðræðum GS, VH og EÁH við Sigurð Einarsson fulltrúa Sport-Tæki í framhaldi af bókun byggingarnefndar frá 26. nóvember s.l.

Í framhaldi af þeim viðræðum fór Sport-Tæki í rýni með verkefnisstjóra og fulltrúa Mondo er kom á staðinn og fór yfir verkið.

Sport-Tæki sendi síðann inn tvö ný tilboð í kjölfar rýninar, tilboðin eru dagsett 30. desember 2013 og merkt tilboð 1 og 2.

Munur þessara tilboða felst í efnisvali í skokkbraut.

Tilboð 1 148.778.545 kr. m.t.t. vsk = 135 milj.

Tilboð 2 151.106.887 kr. m.t.t. vsk.= 137 milj.

EÁH greindi frá því að allt efni og vinna við frjálsíþróttagólfið sé innifalið í tilboðunum.

Málið verður tekið fyrir að nýju á fundi byggingarnefndar 23. janúar n.k.

### 3: Önnur verkefni í frjálsíþróttahúsinu.

EÁH greindi frá vinnu sinni varðandi önnur verk sem þarf að fullgera eða undirbúa áður en íþróttagólfíð verður sett á.

Þau verkefni eru m.a..

- 1: Viðgerð á gólfplötu
- 2: Slípun á gólfplötu
- 3: Slípun og viðgerða á veggjum
- 4: Hljóðísogsplötur
- 5: Hitun húss
- 6: Lýsing
- 7: Málun á stálvirki
- 8: Málun á steypum veggjum.

Byggingarnefnd tekur jákvætt í vinnu fasteignafélagsins í þessu máli.

### 3: Önnur mál.

Formaður FH, Viðar Halldórsson, vill koma á framfæri að þrátt fyrir að félagið taki mjög jákvætt undir það að vinna áfram að samningum við Sport-Tæki og frágangi annara undirbúnings- og frágangsverkefna á vegum Fasteignafélagsins í frjálsíþróttahúsinu þá hafið FH áhyggjur af því að önnur verkefni við húsið og lóðina megi ekki sitja á hakanum til lengri tíma. FH vilji því skoða áfram þann möguleika sem rætt var um sumarið 2012 og fram eftir árinu að þar sem verkefnið er samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og FH þá taki FH að sér, í gegn um flýtiframkvæmdasamning til hugsanlega þriggja ára, að ljúka öllum verkefnum framkvæmdarinnar. Nú sé hinsvegar mál málanna að ljúka við gólfíð og umræðu um annað verði þá haldið áfram í kjölfarið. Verkinu sé ekki lokið.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 09.30 næsti formlegi fundur verður fimmtudaginn 23. janúar n.k. kl. 08.07 að Norðurhelli 2.

Hafnarfirði 16. janúar 2014.

\_\_\_\_\_  
Gunnar Svavarsson

\_\_\_\_\_  
Sigurður Þorvarðarson

\_\_\_\_\_  
Benedikt Olgeirsson

\_\_\_\_\_  
Árni Stefán Jónsson

\_\_\_\_\_  
Viðar Halldórsson

\_\_\_\_\_  
Sigurður Haraldsson

\_\_\_\_\_  
Ingvar S. Jónsson

\_\_\_\_\_  
Erlendur Árni Hjálmarsson

\_\_\_\_\_  
Birgir Jóhannsson

